

## Fundargerð

Fimmtudagurinn 16. september 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

### 1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fundar nr. 380 frestað til næsta fundar.

### 2. Ársreikningar 2020

Umræða um nokkur sveitarfélög sem voru með neikvæða framlegð í A-hluta á árinu 2020. Ákveðið var að rita eftirfarandi sveitarfélög bréf:

Stykkishólmur  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Skorradalshreppur  
Svalbarðshreppur  
Fljótsdalshreppur  
Vopnafjarðarhreppur  
Bolungarvíkurkaupstaður

Jafnframt var ákveðið að óska eftir fundi með eftirfarandi sveitarfélögum:

Tálknafjarðarhreppur  
Ísafjarðarbær  
Seltjarnarneskaupstaður

### 3. Árborg

Lögð fyrir svör frá Árborg, dags. 9. september 2021, við spurningum nefndarinnar, dags. 19. ágúst 2021. Eftir umræðu nefndarinnar um bréfið frá Árborg var ákveðið að rita sveitarfélaginu annað bréf þar sem óskað er eftir ítarlegri upplýsingum um ákveðna liði. Jafnframt var ákveðið að óska eftir fundi með fulltrúum Árborgar þegar svör við næsta bréfi EFS liggur fyrir.

Að auki ákvað nefndin að tilkynna til ráðuneytisins að Leigubústaðir Árborgar ses. var haldið utan reikningsskila þó að heimildin væri ekki fyrir hendi. Til þess þarf félagið að vera húsnæðissjálfsseignarstofnun (hse) og hefur EFS bent sveitarfélaginu á þetta án þess að nokkuð hefur verið aðhafst.

### 4. Önnur mál

Enginn önnur mál  
Næsti fundur nefndarinnar 30. september nk.